



SAURBÆJARÁS VIÐ SIGLUFJÖRÐ

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA DEILISKIPULAGS



Byggðasafn
Skagfirðinga

ÁSTA HERMANNSDÓTTIR
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
2023/268

Höfundar: Ásta Hermannsdóttir. 2023/268

Mynd á forsíðu: Horft norður yfir bæjarstæði Saurbæjar frá túnjaðri. Siglufjörður í baksýn.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2023. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	3
AÐFERÐARFRÆÐI	4
SAMANTEKT	5
FORNLEIFASKRÁ.....	6
HEIMILDASKRÁ	12

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna deiliskipulags í landi Saurbæjar í Siglufirði vorið 2023. Fyrirhugað er að stækka kirkjugarð Siglufjarðar og gera við hann skjólbelti og dvalarsvæði. Verkefnið var unnið að beiðni Írisar Stefánsdóttur skipulagsfulltrúa Fjallabyggðar.

Fyrir lá eldri fornleifaskráning sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands ses. árið 2006 (Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Sigríður Þorgeirsdóttir og Sölvi Björn Sigurðarson 2008). Verkefnið nú fólkst í að uppfæra skráningu þeirra fornleifa sem skráðar voru árið 2006 og einnig skrá aðrar minjar sem á vegi skrásetjar yrðu á svæðinu. Vettvangsvinna fór fram 2. maí 2023 og sjá Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur um undirbúning, vettvangsvinnu og úrvinnslu. Bryndís Zoëga, landfræðingur hjá fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga, sá um kortagerð.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3001



Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlanagerðar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna, „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“.

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“.

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit, auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Í þessu tilviki var til eldri skráning þar sem heimildavinna hafði verið unnin og því var ekki þörf á frekari heimildavinnu.

Vettvangsferðir felast í að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Hnit úr eldri skráningu voru sett inn í landupplýsingagrunn og höfð til hliðsjónar við vettvangsvinnu.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða eins og hægt er, þ.e. híbýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfalli miðast við mögulega hættu vegna skilgreindra framkvæmda í deiliskipulagi, en einnig aðra þekkta hættu ef svo ber undir, s.s. vegna náttúrulegra þátta eða landbúnaðar.


Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Samantekt

Skráðar voru 15 minjar við vettvangsvinnunna, þar af 10 sem skráðar voru í fyrri skráningu árið 2006. Allar minjar innan svæðisins sem skráðar höfðu verið af Fornleifastofnun Íslands ses. árið 2006 fundust og voru mældar upp, þeim lýst og þær ljósmyndaðar. Upplýsingar úr eldri skráningu, aðrar en staðsetningar minja, voru ekki hafðar til hliðsjónar við vettvangsvinnuna sjálfa. Upplýsingar um einstaka minjar voru bornar saman við úrvinnslu gagna og er að mestu samhljómur á milli skráninganna t.a.m. hvað varðar umfang og ástand minja, en þó hafa sumar hlaupið í meiri þúfur og eru orðnar ógreinilegri en þær voru árið 2006. Svæðið er að miklu leyti mjög blautt og hafa þær aðstæður áhrif á sýnileika og varðveislu minja á svæðinu.

Skráningarsvæðið er að talsverðu leyti innan túns eða þar í næsta nágrenni. Minjarnar sem skráðar voru eru að líkindum allar tengdar landbúnaði og/eða búsetu í Saurbæ. Aðstæður til skráningar voru mjög góðar, svæðið nauðabitið og vorvöxtur ekki kominn í gróður. Því má gera ráð fyrir að aðstæður hafi gert það að verkum að fimm minjar sem ekki voru skráðar árið 2006 sáust nú. Bæjarhóll Saurbæjar lendir rétt norðan við skipulagssvæðið og er því ekki hluti af skráningunni nú. Þó voru útlínur hans mældar upp til að hafa þær tiltækar ef þörf væri á, að öðru leyti var bæjarhóllinn ekki skráður.

Fornleifaskrá



Mynd 1. Yfirlitskort af skráningarsvæði. Athugið að bæjarhóll nyrst á kortinu er utan skráningarsvæðisins. Kortagerð: Bryndís Zoëga, lofmynd frá Lofmyndum ehf.

Saurbær 3001-1 (eldra númer EY-011:025)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir

Á lágum hól austur af vegi, rétt innan girðingar, er óljós, hringlaga tóft.

Lýsing

Utánmál tóftarinnar er um 10x9 m og innanmál greinanlegs rýmis er um 4x5,8 m. Veggir eru mjög þýfðir, signir og ógreinilegir, en nokkuð slétt er í miðju tóftarinnar. Veggjahæð er á bilinu 20-50 cm og breidd veggja mest um 3 m. Mýrardrag er í kring nema þar sem snýr að vegi.



Mynd 2. Tóft [3001-1]. Horft til vesturs.

Saurbær 3001-2

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Á hól skammt suðvestan við bæjarhólinn er ógreinileg tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og op virðist vera til norðvesturs. Markað gæti fyrir garða í miðju. Utanmál tóftarinnar er um 6x4,5 m. Brött brekka er austur af, niður að bæjarlæk. Veggjahæð er á bilinu 20-40 cm og veggjabreidd mest um 1,5 m.



Mynd 3. Tóft [3001-2]. Horft til SA.

Saurbær 3001-3 (eldra númer EY-011:002)

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Þýfður hól um 23 m suður af bæjarhól.

Lýsing

Heimild um kirkju var skráð á þessum stað í gömlu skráningunni. Hóllinn er mjög þýfður en var nauðabittinn þegar skráningin fór fram. Ekki sást móta fyrir neinu mannvirki á hólnum og ekki voru vísbendingar um að kirkjuna mætti finna annars staðar á svæðinu.



Mynd 4. Meint staðsetning kirkju [3001-3]. Horft til VSV.

Saurbær 3001-4 (eldra númer EY-011:010)

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir

Fast sunnan við bæjarhól, á sléttu en þýfðu svæði, er tóft.

Lýsing

Tóftin er tveggja hólfa, snýr NNA-SSV og op eru á henni til beggja enda. Tóftin er um 11,5x7 m að utanmáli. Veggjahæð er á bilinu 20-60 cm og veggjabreidd mest um 1,3 m. Ofan/austan við tóftina er mýrardrag. Neðan/vestan við byrjar að halla niður brekku. Lækjardrag hlykkjast sunnan og vestan við og svo niður með bæjarhól.



Mynd 5. Tóft [3001-4]. Horft til suðurs.

Saurbær 3001-5 (eldra númer EY-011:023)

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Í smá halla austarlega í túni, um 20 m austan við [3001-6], er tóft.

Lýsing

Tóftin er í löng, 2-3 hólfa og hallar mót vestri.

Op eru á tveimur rýmum til vesturs. Tóftin er um 13x10,5 m að utanmáli. Veggjahæð er á bilinu 10-50 cm og veggjabreidd mest um 1,5 m. Grjót sést hér og hvar í veggjum. Svæðið í

kring er þýft en balinn sem tóftin stendur á er nokkuð sléttur. Lækur rennur fast sunnan við.



Mynd 6. Tóft [3001-5]. Horft til austurs.

Saurbær 3001-6 (eldra númer EY-011:024)

Hlutverk: Útihús

Tegund: Þúst

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Á brekkubrún ássins sem liggur frá bæjarhól og suðaustureftir er þúst, um 50 m suður af bæjarhólnum. Lækur rennur fast norðan við.

Lýsing

Þústin snýr norður-suður, er mjög þýfð og rýmaskipan óljós. Líklega er um þrjú rými að ræða. Op er á því syðsta til vesturs. Annars

eru op á rýmum óljós. Þústin er um 13,5x9 m að utanmáli. Veggjahæð er á bilinu 0,3-1,2 m og veggjabreidd mest um 2 m. Á stöku stað sést í grjót í veggjum.



Mynd 7. Þúst [3001-6]. Horft til SSA.

Saurbær 3001-7 (eldra númer EY-011:017)

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir

Túngarðurinn er greinilegur í suðausturhorni túnsins, um 23 m austur af tóft [3001-9], og gengur þar í „L“.

Lýsing

Garðurinn er greinilegur á um 95 m kafla. Þar er hann vel gróinn og grjót vart sjáanlegt. Rof eru í garðinum hér og hvar vegna bleytu í túninu. Líklega er bleytan að miklu leyti ástæða þess að garðurinn er sokkinn og ekki greinilegur annars staðar. Veggjahæð er á bilinu 0,4-1,2 m og veggjabreidd best um 1,5 m.



Mynd 8. Túngarður [3001-7]. Horft til norðurs.

Saurbær 3001-8

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Um 6 m innan við túngarðinn í smá brekku sem hallar til SSV er nokkuð greinilegt garðlag sem liggur í hring.

Lýsing

Ekkert greinilegt op er á garðlaginu en þó eru rof á því á nokkrum stöðum og gæti eitt þeirra verið op. Utanmál svæðisins sem garðlagið afmarkar er um 22x12 m. Það sést í grjót hér og þar í garðlaginu en annars er það algróið. Veggjahæð er á bilinu 0,2-1 m og veggjabreidd mest um 1,2 m.



Mynd 9. Garðlag [3001-8]. Horft til norðurs.

Saurbær 3001-9 (eldra númer EY-011:005)

Sérheiti: Ærhúsgerði

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Syðst á lágum ás sem liggur frá bæjarhól og til suðausturs, í brekku sem hallar til vesturs, um 11 m norðan við garðlag [3001-8], er tóft.

Lýsing

Tóftin, sem líklega er fjárhús, er fjögurra hólfa og snúa þrjú þeirra austur-vestur. Fyrir aftan/austan þau er hólf sem snýr norður-suður, mögulega hlaða. Grjóthleðsla er mjög greinileg í norðurvegg, og víða annars staðar er grjót sjáanlegt í tóftinni. Tóftin er um 11x11 m að utanmáli og op eru á tveimur af A-V rýmum til vesturs. Veggjahæð er á bilinu 0,3-1,3 m og veggjabreidd mest um 1,5 m.



Mynd 10. Tóft [3001-9]. Horft til ANA.

Saurbær 3001-10

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur/hleðsla

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Stutt frá þjóðveginum, á smá hæð úr mýrlendinu tæpa 30 m suður af Saurbæjarkoti [3001-11], er ógreinilegt mannvirki.

Lýsing

Um er að ræða slétt svæði, um 13x9 m að utanmáli, með greinilegum bakka til austurs. Gæti verið stungið niður eða hlaðið. Afmörkun annarra hliða er óljósari. Hlutverk er óþekkt.

Grjót er greinanlegt hér og þar en þó ekki í austurbakkanum, þeim sem greinilegastur er. Veggjahæð er á bilinu 20-70 cm og veggjabreidd mest um 1 m.



Mynd 11. Minjar [3001-10]. Horft til suðurs.

Saurbær 3001-11 (eldra númer EY-011:008)

Sérheiti: Saurbæjarkot

Hlutverk: Bæjarstæði

Tegund: Hóll

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Lágur, mjög þýfður hóll, um 16 m suður af tóft [3001-12]. Blautt og mýrlent er suðvestan og suðaustan við hólinn.

Lýsing

Ekki er hægt að greina rýmaskipan í hólnum, sem er mest um 20x16 m að utanmáli og stendur mest um 1 m upp úr flatanum. Hóllinn er vel gróinn og ekki sést í grjót. Hann gæti vel innihaldið mannvistarleifar og er líklegasta staðsetning Saurbæjarkots innan túnsins.



Mynd 12. Saurbæjarkot [3001-11]. Minjar [3001-10] sjást í baksýn. Horft til suðurs.

Saurbær 3001-12 (eldra númer EY-011:009)

Hlutverk: Útihús

Tegund: Þúst

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Á háum hól syðst á ási, um 16 m norður af Saurbæjarkoti [3001-11], er nokkuð greinileg, græn þúst.

Lýsing

Þústin er um 6,5x3,7 m að utanmáli. Ógreinilegt innra rými er um 2,5x1,5 m að stærð. Grjót er sjáanlegt í veggjum, en ekkert op er greinanlegt á rýminu. Veggjahæð er á bilinu 20-80 cm. Veggjabreidd mest um 1 m, en syðst er ógreinilegur hluti þústarinnar sem er mun breiðari, um 2,5 m. Hugsanlega eru frekari mannvirkjaleifar sunnan við, en það þó óljóst. Þar er grjót sjáanlegt. Brattar brekkur eru beggja vegna að austan og vestan.



Mynd 13. Þúst [3001-12]. Horft til suðurs.

Saurbær 3001-13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta

Staðhættir

Á lítilli hæð, um 46 m vestur af Saurbæjarkoti [3001-11], er lítil, ferhyrnd tóft.

Lýsing

Tóftin er einföld og mjög sokkin, um 4,5x2 m að utanmáli. Op virðist vera á henni til norðurs. Norðausturhorn tóftarinnar er mjög greinilegt en tóftin er ógreinilegri til suðvesturs. Það finnst móta fyrir grjóti í veggjum þótt þeir séu



Mynd 14. Tóft [3001-13]. Horft til SV.

vel grónir. Rof eru hér og hvar í veggjum tóftarinnar. Veggjahæð er á bilinu 10-40 cm og veggjabreidd mest um 1 m.

Saurbær 3001-14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir

Fast norðan við hól [3001-15], um 64 m SA við kirkjugarð, er lítil, sokkin tóft.

Lýsing

Tóftin er sokkin en þó mjög greinileg að lögun. Hún er grasi gróin og hallar eilítið til norðurs, um 7x2,5 m að utanmáli. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur en op er ekki greinanlegt á henni. Veggjahæð er á bilinu 20-40 cm og veggjabreidd mest um 1 m.



Mynd 15. Tóft [3001-14]. Horft til NNV.

Saurbær 3001-15 (eldra númer EY-011:020)

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta

Staðhættir

Í brekku ofan við kirkjugarðinn, fast ofan/innan við tóft [3001-14], er þúfnakargi sem virðist mynda form/rými syðst.

Lýsing

Svæðið sem talið var geta innihaldið mannvirki og mælt var upp er um 10x9,5 m að utanmáli. Veggjahæð er á bilinu 40-80 cm, þótt hóllinn sé á köflum nokkuð hærri en það, og veggjabreidd mest um 2 m. Með góðum vilja má greina þrjú rými og væri þá op á því syðsta til SV. Op eru ekki greinanleg á hinum rýmnum. Mögulega gæti verið um beitarhús með hlöðu að ræða, en mannvirkið er þó allt mjög illgreinanleg. Mögulegu rýmin eru syðst í þúfnakarganum en þýfið nær lengra norður, í átt að [3001-14].



Mynd 16. Tóft [3001-15]. Horft til vesturs.

Hættumat

Innan skráningarsvæðisins eru sex af minjunum 15 metnar í mikilli hættu: tóft [3001-1], tóft [3001-2], tóft [3001-4], túngarður [3001-7], tóft [3001-14] og tóft [3001-15]. Aðrar minjar voru metnar í hættu. Hættumat byggir á gögnum úr lýsingu á deiliskipulagstillögunni (dags. 28. febrúar 2023) og drögum að deiliskipulagsuppdraetti (2023). Helsta hættan stafar af gróðursetningu skjólbelta á svæðinu en í tilfellum tóftar [3001-1] og tóftar [3001-2] er sjálf stækkun kirkjugarðsins helsta hættuástæðan.

Niðurlag

Fimmtán minjar voru skráðar innan deiliskipulagssvæðisins, þar af 10 sem skráðar höfðu verið við fornleifaskráningu Fornleifastofnunar Íslands ses. árið 2006. Aðstæður til skráningar voru mjög góðar þegar skráningin fór fram vorið 2023.

Sex af minjunum 15 eru metnar í mikilli hættu, aðrar eru metnar í hættu. Helsti hættuvaldurinn er gróðursetning skjólbelta á svæðinu. Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Sigríður Þorgeirsdóttir og Sölvi Björn Sigurðarson. 2008. *Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi II: Minjar í Siglufirði (sunnan Siglufjarðarbæjar og austan fjarðar), Héðinsfirði og Hvanndölum*. FS391-04042. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

Óútgefnar heimildir

Kirkjugarður Saurbæjarási. Lýsing vegna deiliskipulagsgerðar. 28. febrúar 2023. Reykjavík: Kanon Arkitektar.

Tillaga að deiliskipulagi. Kirkjugarður, Saurbæjarási. Deiliskipulagsuppdráttur. DRÖG. 2023. Kanon Arkitektar.

Fylgiskjal

Jörð	minj_id	Eldra númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	x	y
Saubær	3001-1	EY-011:025		óþekkt	tóft	800	1900	greinanlegar	mikil hætta	503981,955	626388,28
Saubær	3001-2			útihús	tóft	800	1900	illgreinanlegar	mikil hætta	504088,028	626350,812
Saubær	3001-3	EY-011:002		kirkja	heimild	800	1900	sést ekki	hætta	504147,503	626363,101
Saubær	3001-4	EY-011:010		útihús	tóft	800	1900	greinanlegar	mikil hætta	504161,312	626398,99
Saubær	3001-5	EY-011:023		útihús	tóft	800	1900	illgreinanlegar	hætta	504163,81	626374,379
Saubær	3001-6	EY-011:024		útihús	þúst	800	1900	illgreinanlegar	hætta	504176,744	626246,37
Saubær	3001-7	EY-011:017		túngarður	garðlag	800	1900	greinanlegar	mikil hætta	504167,035	626274,278
Saubær	3001-8			óþekkt	garðlag	800	1900	greinanlegar	hætta	504155,626	626325,856
Saubær	3001-9	EY-011:005	Ærhúsgerði	útihús	tóft	800	1900	greinanlegar	hætta	504181,165	626337,406
Saubær	3001-10			óþekkt	niðurgröftur-hleðsla	800	1900	greinanlegar	hætta	504084,240	626309,563
Saubær	3001-11	EY-011:008	Saubæjarkot	bæjarstæði	hóll	800	1900	illgreinanlegar	hætta	504082,626	626282,214
Saubær	3001-12	EY-011:009		útihús	þúst	800	1900	greinanlegar	hætta	504096,871	626245,424
Saubær	3001-13			óþekkt	tóft	800	1900	greinanlegar	hætta	504028,284	626268,571
Saubær	3001-14			óþekkt	tóft	800	1900	greinanlegar	mikil hætta	503946,923	626257,276
Saubær	3001-15	EY-011:020		óþekkt	tóft	800	1900	illgreinanlegar	mikil hætta	503939,578	626241,659